

Skýrsla stjórnar Íslandsdeildar ICOM fyrir starfsárið 2021 til 2022

Lögð fram á aðalfundi félagsins þann 23. mars 2022.

Skýrsla þessi nær yfir starfstímabil Íslandsdeildar ICOM (ICOM IS) milli aðalfunda 15. apríl 2021 til 23. mars 2022.

Stjórn og rekstur deildarinnar

Stjórn deildarinnar skipa Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður, Anna Friðbertsdóttir, gjaldkeri, og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, ritari, ásamt Sigurði Trausta Traustasyni og Hólvari Hólmi, meðstjórnendum.

Stjórn ICOM IS hélt 9 fundi á árinu. Flestir fundirnir fóru fram með fjarfundabúnaði vegna COVID. Formenn FÍSOS og ICOM IS hafa auk þess fundað um Íslensku safnaverðlaunin og alþjóðlega safnadaginn, enda mikilvæg verkefni sem félögin standa að sameiginlega.

Félagar í Íslandsdeildinni eru 145 í heildina en voru 134 á síðasta starfsári. Fjölgað hefur í félaginu um 5 manns og fagnar félagið þessum öra vexti á árinu. Félagar með einstaklingsaðild eru 124 almennir meðlimir, 13 nemar og 8 eftirlaunaþegar. Höfuðsöfnin þrjú og Stofnun Árna Magnússonar eru einnig með aðild.

Samskipti og miðlun

Heimasíðan **icom.is** og póstlisti félaga á Íslandi er í umsjón stjórnar deildarinnar. Á starfstímabilinu var gert átak í að endurbæta samskipti út á við, m.a. með því að gera nýja og stórbætta vefsíðu og með því að stofna sérstaka Facebook-síðu deildarinnar, til viðbótar við virkt umræðusvæði félagsins á Facebook, auk þess að skipta út tölvupóstþjónustu í tengslum við póstlista skráðra félaga. Verkefni þessi, hönnun og uppsetningu, annaðist Hólmar Hólmi af hálfu stjórnar. Stjórn er með netfangið **icom@icom.is**.

Stjórn deildarinnar vill hvetja félagi til að passa upp á að rétt netföng séu í gagnagrunni deildarinnar og huga að **réttri skráningu inni á icom.museum**. Hver og einn félagi hefur aðgang í gegnum sitt eigið netfang en stjórn hefur tekið eftir því að félagar hafa ekki hugað að því að breyta netföngum sínum, t.d. þegar þeir hafa skipt um starf.

Ferli umsókna um aðild, endurnýjun korta og límmiða

Íslandsdeildin notar gagnagrunninn IRIS til að sjá um umsóknir, greiðslur og félagatal deildarinnar. Umsóknir um aðild fara alfarið í gegnum heimasíðu icom.is. Skráning fer þaðan beint í IRIS gagnagrunninn sem stjórnað er frá skrifstofunni í París.

Stjórn vill hvetja félagi til að nýta sér aðildina að ICOM sem best. Ekki aðeins að nýta frían aðgang að söfnum, heldur einnig með þátttöku í sérdeildum, faghópum, námskeiðum og ráðstefnum sem haldnar eru víðs vegar um heiminn og á netinu.

Fulltrúar ICOM í nefndum

Helga Lára Þorsteinsdóttir er fulltrúi ICOM IS í safnaráði og Sigurður Trausti Traustason er hennar varamaður. Þau eru skipuð frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2025. Inga Jónsdóttir er aðalfulltrúi ICOM í stjórn Bláa skjaldarins og Nathalie Jacqueminet er varamaður. Helga Maureen Gylfadóttir situr í Húsafriðunarnefnd og er tilnefnd sameiginlega af Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði, ICOMOS, ICOM IS og FÍSOS. Örlygur Kristfinnsson er hennar varamaður. Þau voru skipuð á grundvelli 9. gr. laga um menningarminjar til fjögurra ára í senn, eða frá 1. apríl 2021 til 31. mars 2025. Ragnheiður Vignisdóttir var skipuð fulltrúi deildarinnar við Rannsóknasetur í safnafræðum. Helga Maureen Gylfadóttir er tengiliður ICOM við EMF og EMYA, þ.e. Evrópsku safnaverðlaunin en þau eru hluti af European Museum Forum. Hún tók við af Guðbrandi Benediktssyni. Öllu þessu fólki eru færðar þakkir fyrir þeirra góðu störf.

Samstarf við FÍSOS

Félögin tvö, FÍSOS og ICOM IS, hafa unnið vel saman í gegnum tíðina í tengslum við safnaverðlaunin og safnadaginn. Vill stjórnin koma á framfæri þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf til FÍSOS og væntir áframhaldandi samheldni í kringum þau krefjandi og skemmtilegu verkefni sem framundan eru.

Íslensku safnaverðlaunin

ICOM IS skipaði tvo fulltrúa í valnefnd Íslensku safnaverðlaunanna 2022. Valnefndin vinnur samkvæmt skipunarbréfi og verklagi sem þróað hefur verið í samstarfi við FÍSOS frá því að verðlaunin voru fyrst afhent árið 2000. Nefndin er að störfum og hefur verið auglýst eftir ábendingum frá almenningi, stofnunum og félagasamtökum um safn eða einstök verkefni á starfssviði safna sem þykja til eftirbreytni og íslensku safnastarfi til framdráttar. Söfnum er einnig heimilt að senda inn kynningar á eigin verkefnum og getur valnefndin sjálf enn fremur lagt fram tilnefningar. Tilnefningar hafa ekki verið kunngerðar þegar þessi skýrsla er skrifuð en verðlaunin verða veitt á alþjóðlega safnadaginn, 18. maí næstkomandi, þar sem safnafólki og öðrum góðum gestum verður boðið til móttöku. Tilnefningar skulu sendar á netfangið: safnaverðlaun2022@gmail.com.

Alþjóðlegi safnadagurinn 2021

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af ICOM. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert á hverju ári síðan 1977. Alþjóðaráðið velur safnadeginum yfirskrift er tengist málefnum sem eru í brennipunkti í samfélaginu hverju sinni og árið 2021 var þemað *Framtíð safna – uppbygging og nýjar áherslur* fyrir valinu.

Safnadagurinn 2021 var um margt mjög óvenjulegur vegna heimsfaraldursins og samkomutakmarkana. Ákváðu ICOM IS og FÍSOS að ráða Kolbrúnu Ýr Einarsdóttur sem verkefnisstjóra safnadagsins. Voru söfn hvött til að taka þátt í deginum og miðla fróðleik og skemmtun á samfélagsmiðlum. Stofnuð var sérstök Instagram-síða þar sem safnmenn tóku miðilinn yfir og gáfu almenningi innsýn inn í safnastarfið. Myllumerkin #safnadagur og #im2021 voru notuð. Jafnframt voru skrifaðar greinar í blöðin til að vekja athygli á söfnum. Lilja Árnadóttir skrifaði grein um framtíð safna og nýjar áherslur og Hlynur Hallsson skrifaði grein um framtíð safna.

Útgáfu- og ferðasjóður

Útgáfu- og ferðasjóður deildarinnar auglýsti eftir umsóknum með tvo umsóknarfresti: hinn fyrri 1. nóvember 2021 og hinn síðari 10. mars 2022. Markmið sjóðsins er að styrkja félagsmenn til að sækja alþjóðlega fundi og ráðstefnur á vegum ICOM auk þess sem styðja má útgáfur á efni sem tengist faglegu starfi safna. Umsóknir vegna þátttöku í allsherjarþingi ICOM í Prag 2022 voru settar í forgang en fáar umsóknir bárust, sem kann að skýrast af yfirstandandi heimsfaraldri. Aðeins 1 umsókn barst í fyrri umferð og 4 í hinna síðari. Alls var úthlutað 5 styrkjum (4 ferðastyrkjum og 1 útgáfustyrk), að heildarupphæð 430.000 kr.

Siðareglunámskeið

Stjórn deildarinnar hélt siðareglunámskeið þann 10. nóvember 2021 í Safnahúsinu, sem leitt var af Helgu Láru Þorsteinsdóttur og Ingu Jónsdóttur. Námskeiðið sóttu 13 félagsmenn. Einnig var haldið sérstakt námskeið fyrir starfsfólk Listasafns Reykjavíkur, skv. ósk safnsins, í lok febrúar síðastliðins. Leiðbeinendur voru Inga Jónsdóttir og Nathalie Jacqueminet.

Þá barst ósk um að halda fjarnámskeið fyrir söfn úti á landi, sem fyrirhugað er í lok apríl 2022.

Siðareglurnar má einnig nálgast með rafrænum hætti á vefsíðu deildarinnar icom.is og hvetur stjórnin félagsmenn til að lesa þær reglulega sér til ánægju og upprifjunar.

Stjórn fól hönnuði að uppfæra námsefnisbækling fyrir siðareglurnar og var hann prentaður í 500 eintökum.

Aðalfundur í París

Aðalfundur alþjóðadeildar ICOM var haldinn á netinu um miðjan júní 2021. Á þessum fundi sitja formenn (og stjórnarmenn) landsdeilda, fagnefnda og heimshlutadeilda. Félögum hefur fjölgað töluvert á síðustu árum.

Samtökin telja nú **yfir 40.000** félaga sem koma frá **141** landi eða svæðum. Samtökin starfa í 115 landsdeildum á borð við Íslandsdeildina en einnig í 30 alþjóðadeildum sem hver um sig einbeitir sér að ákveðnum efnisþáttum í starfsemi safna. Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður, sat fundinn á netinu fyrir hönd Íslandsdeildar.

Allsherjarþing 2025

Þrír aðilar kepptust um að halda allsherjarþing ICOM 2025:

- ICOM Russia í Kazan,
- ICOM UAE í Dubai,
- ICOM Sweden í Stokkhólmi.

Niðurstaða kosningar var að halda ráðstefnuna í Dubai. ICOM IS kaus með ICOM Sweden.

ICOM Nord

Á starfstímabilinu var unnið að lögum félagsins, sem bíða nú samþykktar hjá Alþjóðaráðinu en ekki er unnt að hefja formlega starfsemi fyrr en þá. Ólöf Gerður

Sigfúsdóttir tók sæti sem fulltrúi ICOM IS í bráðabirgðastjórn ICOM Nord, sem skipuð er þar til félagið tekur formlega til starfa í kjölfar þeirrar miklu undirbúningsvinnu sem hefur átt sér stað innbyrðis á síðustu árum.

Málþing um varðveislumál safna

ICOM IS, FÍSOS og safnaráð hafa að undanförunni unnið að skipulagningu málþings um varðveislumál safna sem mun fara fram þann 9. maí 2022 í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Vinnuheiti málþingsins er „Við köllum þetta ekki geymslur, heldur varðveisluhús“. Varðveisla safnkosts til framtíðar er verkefni sem öll söfn og eigendur þeirra þurfa að finna framtíðarlausn á. Fréttaskýringaþátturinn *Kveikur* vakti athygli á stöðu varðveislumála hjá menningarstofnunum á Íslandi þar sem rannsókn *Kveiks* leiddi í ljós að menningarverðmæti væru víða í hættu. Á málþinginu mun safnaráð, sem sér um eftirlit viðurkenndra safna, gera grein fyrir stöðunni, fulltrúar frá austur- og vesturlandi greina frá framtíðarhugmyndum, safnstjórar höfuðsafnanna munu flytja erindi og er gert ráð fyrir að fá erlendan fyrirlesara á málþingið, sem verður auglýst síðar.

Safnaskilgreiningin

Stjórn Íslandsdeildarinnar tók þátt í fasa 3 í ferlinu ICOM Define varðandi nýja safnaskilgreiningu. Fasi 4 stendur nú yfir þar sem fimm mismunandi skilgreiningar hafa verið mótaðar og landsnefndum stendur til boða að kjósa um tillögurnar fimm. Þessum fasa lýkur 10. apríl næstkomandi.

Ályktun

Í maí 2021 sendi stjórn frá sér ályktun vegna inngrips bæjarráðs Hafnarfjarðar í starfsemi Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar. Hólmar Hólm, meðstjórnandi, sat hjá vegna tengsla sinna við safnið.

Ályktunin var birt á Facebook-svæði deildarinnar og var hún send til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og stjórnenda Hafnarborgar, þar sem stjórnin brýndi fyrir bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði, sem eru eigendur safnsins og ábyrgðaraðilar þess, að kynna sér siðareglur ICOM og virða þær í hvívetna. Þá var vísað til þess að í siðareglunum kæmi fram að yfirstjórn skyldi aldrei fara fram á að starfsfólk safns gerði neitt það sem talið er stríða gegn siðareglum ICOM og landslögum. Áréttaði stjórnin að forstöðumaður bæri beina ábyrgð gagnvart yfirstjórn safnsins. Inngrip yfirstjórnar í starfsemi safns af því tagi sem þarna átti sér stað væri því hvorki í samræmi við siðareglur né safnalög og teldist óeðlileg afskipti af stjórnun safns.